

## HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2015, miðvikudaginn 18. mars kl. 15:30, var haldinn 127. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson, Sandra Berg Cepero, Kristín Elfa Guðnadóttir, Björn Jón Bragason, Bjarni Jónsson og Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Morten Lange frá Íbúasamtökum Laugardals, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri ÞLH og Baldur Örn Arnarson sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins undir fyrsta dagskrárlið var Haraldur Sigurðsson, sviðsstjóri á Umhverfis- og Skipulagssviði.

Gestur fundarins undir fyrsta og öðrum dagskrárlið var Borghildur Sölvey Sturludóttir, skipulagsfulltrúi á Umhverfis- og Skipulagssviði.

### **Petta gerðist:**

1. Fram fer kynning á drögum Umhverfis- og Skipulagssviðs dags. 12. janúar 2015 (lögð fyrir 126. fund hverfisráðs Laugardals þann 25. febrúar 2015) að lýsingu varðandi breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010-2030 vegna reits 27, þróunarsvæði nr. 44, Kirkjusandur – miðsvæði M6b. Í breytingunni felst að endurskilgreina mögulegan fjölda íbúa á svæðinu. Borghildur Sölvey Sturludóttir, skipulagsfulltrúi á Umhverfis- og Skipulagssviði og Haraldur Sigurðsson, sviðsstjóri á Umhverfis- og Skipulagssviði taka sæti á fundinum undir þessum dagskrárlið. Hverfisráð Laugardals samþykkir eftirfarandi bókun.

Hverfisráð Laugardals óskar eftir fullu samráði við ráðið áður en samþykkt verður að senda deiliskipulag í auglýsingu.

Hverfisráðið hefur áhyggjur af ýmsum þáttum í drögunum, t.d. leik- og grunnskólamálum, umferðarþunga, hæð húsa, fjölda íbúða, skuggavarpí o.fl.

Framkvæmdastjóra er falið að koma bókuninni á framfæri við Umhverfis- og Skipulagssvið.

2. Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Vogahverfis vegna lóðarinnar nr. 75 við Suðurlandsbraut. Í breytingunni felst að fjölga bílastæðum úr 8 í 26 á lóð leikskólans og breyta aðkomu leikskólans, af öryggisástæðum, á þann veg að öll aðkoma verður frá Gnoðarvogi. Borghildur Sölvey Sturludóttir, skipulagsfulltrúi á Umhverfis- og Skipulagssviði kynnir umsóknina og svarar fyrirspurnum hverfisráðs.

Hverfisráð Laugardals samþykkir eftirfarandi bókun.

Hverfisráð Laugardals óskar eftir því að auglýsingin á breytingu á deiliskipulaginu verði afturkölluð í þeim tilgangi að hefja samráð við íbúa, m.a. í formi íbúafundar þar sem fleiri tillögur verða kynntar og ræddar. Ljóst er að mikil óánægja er með breytinguna á meðal íbúa og telur hverfisráðið nauðsynlegt að skoða fleiri lausnir heldur en þessa einu. Einnig er harmað að ekki hafi verið haft samráð við ráðið á fyrri stigum málsins.

Framkvæmdastjóra er falið að koma bókuninni á framfæri við Umhverfis- og Skipulagssvið.

3. Fram fer kynning á umsókn Reykjavíkurborgar, dags. 6. febrúar 2015 ásamt tillögu Umhverfis- og Skipulagssviðs varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 23 við Holtaveg.

Hverfisráð gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

4. Lögð fram umsókn Samfok dags. 14. mars 2015 um styrk vegna námskeiða um skólaráð.

Afgreiðslu umsóknar frestað.

5. Fram fer umræða um undirbúning íbúafundar á vegum hverfisráðs Laugardals sem fram fer mánudaginn 23. mars n.k.

**Fundi slitið kl. 17:30**

Heiðar Ingi Svansson (Sign)

Sandra Berg Cepero (Sign)

Björn Jón Bragason (Sign)

Kristín Elfa Guðnadóttir (Sign)

Bjarni Jónsson (Sign)